

GJALDSKRÁ

Veitustofnunar Seltjarnarness, kalt vatn.

1. gr.

Vatnsgjald af íbúðarhúsnæði er 0,110 hundraðshlutar af fasteignamati lóðar.
Vatnsgjald af atvinnuhúsnæði er 0,110 hundraðshlutar af fasteignamati lóðar.

2. gr.

Aukavatnsskattur leggst á stórnottendur skv. mæli, krónur 34,80 pr. m³.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatns-gjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds. Ef notandi er annar en eigandi, ber hann ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalds. Vatnsgjald ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, nýtur lögveðs-réttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar um álagningu vatnsgjalds þann 13. september 2012, sbr. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, 11. gr. reglu-gerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar fyrir Veitustofnun Seltjarnar-ness nr. 237/2011, öðlast gildi 1. nóvember nk. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1167/2010 með síðari breytingum.

Seltjarnarnesi, 15. september 2012.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2012